

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/891

2019/EES/86/23

frá 28. maí 2019

um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar virkniflokkinn „bindiefni“ og notkun járnlaktats (E 585) á sveppinn *Albatrellus ovinus* sem matvælainnihaldsefni í sænskri lifrarkæfu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er mælt fyrir um reglur um matvælaaukefni og virkniflokka þeirra og mælt fyrir um skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni.
- 2) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er mælt fyrir um virkniflokka matvælaaukefna í matvæli og matvælaaukefna í aukefni í matvæli og ensím í matvæli.
- 3) Framfarir á sviði vísinda og tækni hafa leitt til betri skilnings á tæknilegu hlutverki matvælaaukefnisins járnlaktats (E 585). Þegar járnlaktat er notað á sveppinn *Albatrellus ovinus* gefur það hvorki frá sér eigin lit né styrkir það litinn sem fyrir er á *Albatrellus ovinus*. Það hefur áhrif á og breytir litnum á *Albatrellus ovinus* (úr hvítum í dökkan) með því að hverfast við tiltekna efnisþætti vefja sveppsins, t.d. pólýfenól. Þessi eiginleiki járnlaktats fellur ekki undir núverandi virkniflokkinn „bindiefni“ né aðra virkniflokka sem tilgreindir eru í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008. Því ætti að breyta virkniflokknum „bindiefni“ með því að fjarlægja orðin „sem fyrir eru“ í því skyni að ná yfir tæknilegt hlutverk járnlaktats (E 585) þegar það er notað á *Albatrellus ovinus*.
- 4) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 5) Uppfæra má skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ⁽²⁾, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 6) Umsókn um leyfi til að nota járnlaktat (E 585) á sveppinn *Albatrellus ovinus*, sem er notaður sem innihaldsefni matvæla í sænskri lifrarkæfu, var lögð fram 25. október 2016 og gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 7) Í Svíþjóð inniheldur tiltekin hefðbundin lifrarkæfa sveppinn *Albatrellus ovinus* sem matvælainnihaldsefni. Áður en járnlaktati (E 585) er bætt við lifrarkæfu er tæknileg þörf fyrir notkun þess við meðhöndlun á hinum náttúrulega hvíta sveppi *Albatrellus ovinus* í því skyni að ná tilætluðum dökkum lit.
- 8) Vísindanefndin um matvæli hefur metið öryggi notkunar á járnlaktati (E 585) á ólífur sem ásætlanlegt ⁽³⁾. Sænsk lifrarkæfa inniheldur aðeins um 0,5% af sveppum. Því væru viðbótaráhrif af völdum járnlaktats, þegar því er bætt við sveppinn *Albatrellus ovinus* sem matvælainnihaldsefni í sænskri lifrarkæfu, óveruleg.
- 9) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 142, 29.5.2019, bls. 54. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 221/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

⁽³⁾ Skýrsla vísindanefndarinnar um matvæli, 25. ritröð, 1990.

- 10) Þar eð leyfi fyrir notkun járnlaktats (E 585) á sveppinn *Albatrellus ovinus* sem matvælainnihaldsefni í sænskri lifrarkæfu telst uppfærsla á skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 11) Því er rétt að leyfa járnlaktat (E 585) sem bindiefni fyrir sveppinn *Albatrellus ovinus* sem er notaður sem matvælainnihaldsefni í sænskri lifrarkæfu
- 12) Því ætti að breyta I. og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. maí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslu 24 „bindiefni“ í I. viðauka kemur eftirfarandi:

„24. „bindiefni“: efni sem eru notuð til að halda við eðlisefnafræðilegu ástandi matvæla; til bindiefna teljast efni sem draga úr líkum á aðskilnaði mismunandi efnispátta í einsleitri ýrulausn í matvælum, sem blandast ekki saman, efni sem binda, halda við eða styrkja litarefni í matvælum og efni sem auka bindandi eiginleika matvæla, m.a. þá sem stuðla að myndun víxltengja milli prótína þannig að matvælabitar bindist,“

2) Ákvæðum E-hluta II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir járnlaktat (E 585) í matvælaflokki 04.2.2 „Aldin og grænmeti í ediki, olíu eða saltlegi“ kemur eftirfarandi:

	„E 585	Járnklaktat	150	56)	Einungis á sveppinn <i>Albatrellus ovinus</i> sem matvælainnihaldsefni í sænskri lifrarkæfu og á ólífur sem eru dekkar með oxun“
--	--------	-------------	-----	-----	--

b) Í stað færslunnar fyrir járnlaktat (E 585) í matvælaflokki 04.2.3 „Aldin og grænmeti, niðursoðin í dósir eða krukur“ kemur eftirfarandi:

	„E 585	Járnklaktat	150	56)	Einungis á sveppinn <i>Albatrellus ovinus</i> sem matvælainnihaldsefni í sænskri lifrarkæfu og á ólífur sem eru dekkar með oxun“
--	--------	-------------	-----	-----	--